

Sekúndu nær dauðanum
– vá, tíminn líður!

Ingólfur Gíslason

Sekúndu nær dauðanum
– vá, tíminn líður!



Nýhil 2007

Sekúndu nær dauðanum – vá, tíminn líður!

© 2007 Ingólfur Gíslason og Nýhil

www.nyhil.org | nyhil@nyhil.org

Káputeikning: Schuyler Maehl

Umbrot: Tandri Árdal

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9979-9835-1-4

We are engaged in a struggle with language baby.
- Billy Wittgenstein

Ástin er líður tígur en limurinn aldrei lýgur.
- Fornt spakmæli

þið verðið bara að treysta mér, kynlíf
er eins og samskipti eiga að vera
skiljiði heiðarleg og blátt áfram eins og
texti, hreinn ómengaður texti

Textastrengir

Texti. Dans á mörkum ljóðs og prósa. Erjur á landamærunum. Skipst á skotum, jafnvel föngum og eldflaugum. Markmiðið er að vera ögrandi og nokkuð róttækur, hæfilega grófur en umfram allt svalur. Ingo is already displaying a winning wolf personality.

Textastrengjabrúðan mín!

Ég færi hana úr fötum í letur. Dansi dansi dúkkan mín.

Ég lofa því ekki að skerða ekki tilfinningagreind þína. Nokkur atriði sem talin eru mikilvæg fyrir tilfinningagreind:

Að vita til hvers konar hegðunar er ætlast og hvernig á að hemja hvatir til að haga sér illa; að geta bedið; að fylgja fyrirmælum.

Eða viltu frekar *laugast fossúða*? Líttu endilega á þessa bók sem sturtu. Eða ilmkerti. Bakteríu. Tímabil í lífi ykkar. Nokkrar sekúndur. Mælikvarða á hita við hjartarætur. Ískaldan sopa af kók í Helvíti.

Þessi bók er samin eftir aðferð Descartesar, með því að liggja í rúminu meðan aðrir vinna sín dagsverk. Hin kartesíska aðferð.

*Fyrst þegar ilmurinn af nýbökudu brauði
líðast um íbúðina
mætir listamaðurinn,
oftar en ekki fullur
og með dónaskap.*

Ritgerðir sem þrá að vera ljóð eða ljóð sem vilja verða ritgerðir? Köllum þetta bara ritgerðasafn með ljóðrænu ívafi. Textastrengi. Stríð.

Meginþáttur allra gáfna er viss tegund viðkvæmni

ég hef áhyggjur af blettum og húðflípum
sem vaxa á sólbaðsstofum

leita nýrra svika
að góðu starti
ferskum endi

mýkingarefni veitt í sálina
basa sprautað í blóðið
það er svo súrt að ekki grefur í sárum mínum

Nú ertu einni sekúndu nær dauðanum

Virkir dagar

Ó samfarir í síðdegisbirtu
meðan ískrar í gangverki þjóðfélagsins
meðan umferðin drynur
meðan hrukkur ykkar dýpka.

Þróunarkenning Pamelu


Einu sinni riðum við alltaf við Eine Kleine Nachtmusik en svo fikruðum við okkur áfram tónlistarsöguna og ég man hvað það var gaman þegar þú fékkst það undir hlómum Stravinsky, sennilega Vorblótinu. En ég man líka að fljótlega upp úr þessu hætti ég að geta fengið fullnægingu – ég tengdi það við sífellt flóknari og óreglulegri takt eftir því sem klassíska tónlistarsenan þróaðist og ég hafði í raun enga menntun til að fylgja.

VINSAMLEGAST

Ekki nauðga full undir stýri
undir áhrifum fíkniefna
meðan bíllinn veltur niður fjallshlíðina
og skilur eftir sig hjólför í viðkvæmri gróðurþekju
eitrandi loftið
eyðandi regnskógum.

Ágrip af hnútafræði

Hnútur í maganum - holdgerving tilfinningaflækju. Hver á við hvað? Þetta er æfing.



- Fyrirverandi elska segir mikla blessun að hafa losnað úr sambandi við þig í Mannlífi.
- Blá ljós í baksýnispegli, áfengi í blóðinu.
- Þú kallaðir vinkonu þína hóru, hélst að hún heyrði ekki til.
- Mamma svarar hvorki í síma né farsíma.
- Þú ert ólétt eftir (eða hefur gert ólétt) þekktu stjórnmála-
manneskju í flokki sem þú mundir ekki kjósa, aldrei.
- Vinur deyr áður en þú nærð að segja að þú fyrirgefir
honum.

Kæri ljóðrýnandi

Ekki reyna að skilja þetta, þú gætir tognað á heilahveli. Farðu aftur að skipuleggja ævintýri á alfaraslóð, sennilega með kertalog og rifflaða smokka „að vopni“ en hér er gátlisti fyrir þig með kveðju, Hreinn.

	Smekk- lega farið með vanda- samt efni	Sprúðl- andi frumlega tekið á efninu	Öskrandi skemmti- lega ósvífin efnistök	Veldur djúp- stæðum von- brigðum, jafnvel sorg
Eitthvað um að sjá geirvörturarnar á Björk í Vesturbæjarlauginni	✓			
Beiskja í garð „kerfisins“ plús djúpur skilningur á breyskleika mannsins		✓	✓	
Munnmökum líkt við verksmiðju- vinnu eða erfða hugaríprótt, kannski skák eða bridds			✓	
Ótti við að falla óvart fyrir eigin hendi, til dæmis við rakstur eða eldhússtörf				✓

Hei krakkar, það er skoðanakönnun!

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú heimsækir nýja borg?


- a) Skoðar hóruhverfið, klámbúllurnar
- b) Minnst Guðs í gömlu dómkirkjunni
- c) Sest á hótélbarinn og færð þér átta bjóra eða viskú eða gin og tónik
- d) Leggst í rúmið á herberginu og fylgist með nýjasta stríðinu á CNN
- e) Leitar að uppáhalds merkjavörubúðinni eða skyndibitastaðnum
- f) Leggst í rúmið á herberginu og ferð að lesa Sjálfstætt fólk eða Njálu
- g) Yrkir um einmanaleik ferðalangsins sem situr á hóteli og les bæklinga til að vita hvað hann eigi að segjast hafa upplifað þegar hann kemur heim

Merktu aðeins við einn möguleika, en slakaðu á, það er ekki dregið frá fyrir rangt svar, þetta er ekki samkeppni, ekki samanburður við Þórberg Laxness Snorra.

Stríðið gegn íslenskunni

SCORE 10

LIVES 



Ó,
guð vors
lands! Ó, lands
vors guð! Vér lofum
þitt heilaga, heilaga nafn!

Úr
sólkerfum
hírnanna brýta
þér krans þínir her-
skarar, tírnanna safn.

Fyrir þér er
dagur sem þúsun
ár og þúsund ár dagur,
ei meir: eitt eilífðar
smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Íslands
þúsund ár,
eitt eilífðar smá
blóm með titrandi
tár, sem tilbiður
guð sinn og deyr.



Hlutverk lesanda

Ég tilkynni hér með að

ég hef opnað
dvergvaxið

svarthol •

í hagkerfinu.

(Skrifað ljóðabók, geng um með posa.)

Hvað gerið þið? Leikið ykkar hlutverk í þessu ævintýri
jarðarinnar í heimi sólkerfa, heilbrigðrar samkeppni og
barnaþrælkunar!

„Allt sem er í þessari bók er obvius.“

Ég lít á það sem vandamál að fólk sér ekki það sem er fokking
obvius.

Haldið áfram að telja kalóriur eða peninga.

Póstkort frá Leikfangalandi

Kæru krakkar. Það er æðislegt í Auswitch! Frábært að vera með börn, því það er sérstakt leiksvæði fyrir börnin. Eins konar æfingabúðir fyrir upprennandi landamæra- og fangaverði! Það er alveg heilt prógramm í gangi og verið að vinna með mjög skemmtilegar hugmyndir hérna, allt starfið byggist mikið upp á frjálsum leik. Rosaleg áhersla á tilfinningagreind, og allir fá að njóta sín. Mjög spennandi.



Það stendur að Ratzenegger Páfi hafi verið hérna í sumar-
búðum. Merkilegt að vera á svona stað. Það er reyndar ógó
heitt hérna og örugglega blóðsugumýflugur á kvöldin en
við ætlum að kæla okkur niður á eftir með ís fyrir börnin en
fullorðna fólkið fær sér kannski eitthvað sterkara, bara til að
reyna að gleyma flugunum :-)

Bið að heilsa, Elín.

Á íslensku má alltaf finna málpólítík



Brotna sekúndur

Þú veist að á eftir jólum kemur janúar og þá ferðu aftur að taka lýsi og borða pillur samkvæmt þúsund ára uppskrift galdralækna frá fjarlægum álfum og í líkamsræktarstöð og hleypur án þess að færast úr stað eins og bíll í lausagangi, leggst svo upp í rúm og sofnar út frá aldagamalli speki um raðfullnægingar.

Þú ert einni sekúndu nær dauðanum.

Hreinleikapróf

*Persónuleikapróf gera kleift að meta
hvort umsækjandi hafi þá eiginleika
sem þarf til að ná árangri í tilteknu starfi.
Þannig auka þau líkurnar á því
að réttur einstaklingur sé valinn í starfið.*

*Aukið samræmi þess sem starfið krefst
og eiginleika starfsmannsins skilar sér
í aukinni framleiðni og starfsánægju,
auk þess sem kostnaður vegna mistaka í ráðningum minnkar.*
- capacent.is

1. Ef þú værir fegurðardrottning hvort segðist þú einkum hafa áhuga á
 - a) vísindum, listum, pólitík og ást
 - b) börnum, glingri og hraðskreiðum bílum
2. Ef þú værir kjarnorkuvopnabúr, hvort vildirðu heldur vera
 - a) lokað ofan í skúffu
 - b) sprengt til dýrðar landafræði
3. Þú myndir frekar að kjósa
 - a) að drukknar í fallegru silungsveiðiá
 - b) lifrabílun af völdum úrvals rauðvíns
4. Ef þú værir ljóð, væri það
 - a) Fyrr var oft í koti kátt
 - b) eitt af fyrstu ljóðum Sjóns sem þú hefur aldrei skilið

5. Hvort er betra

a) áður en þú fæddist

b) eftir að þú deyrð

6. Ef þú værir persónuleikapróf, hvort mundi það vera

a) þetta próf

b) eitthvað sem sýnir að þú sért *spennandi og djörf persóna sem býrð yfir sönnum hæfileikum til stjórnunar*

Friends tróna



Ég býð mig fram

Ég er svo gáfaður. Ég er svo menntaður. Ég er svo óskaplega vel menntaður og gáfaður, vel upplýstur og hjartagóður. Ég ber óendanlega umhyggju fyrir þjóðinni. Því ég er svo gáfaður og góður. Ég er svo réttsýnn, ég hef alltaf rétt fyrir mér. Ég gæti verið í golfi en ég kys að verja tíma mínum í að hafa áhyggjur af ýmsu sem betur mætti fara í okkar litla samfélagi. Ég hef frábæran smekk. Ég er svo smekklegur og vel máli farinn. Ég tala góða íslensku og vil að aðrir geri það líka. Ég elska nýbúa en vil þó fara hægt í sakirnar. Það má ekki fara of geyst. Það verður að taka vel á móti þessu fólki. Mennta. Kenna þeim íslensku. Ég er svo yfirvegaður í skoðunum. Ég er geysilega gáfaður. Ég nýt þess að heyra mig tala. Ég er alltaf ábyrgur í mínum málflutningi. Ég hef svo heilbrigðar skoðanir. Fokkinx kjósið mig aumingjar

Draumaprinsessan

Óska eftir blíðlegri bóhemstúlku, má reykinga heróín en ekki tóbak, þarf að vera fluggáfúð, þarf að minna á Kate Moss eða Britney, má ekki vera í makaleit, athugið að bréfum frá konum í leit að sálufélaga verður hent beint í ruslið, þarf að vera rétt rökuð, þarf að fíla Bach og bukkake, laghent og góður kokkur, helst drykkfelld, hafa þokkalegan smekk fyrir ljóðum, og þá er ég ekki að meina Einar Ben eða Hannes Hafstein, verður nauðsynlega að vera róttæk, tilbúin að sprengja sjálfa sig í loft upp fyrir rétta málstaðinn, fyrirhlíta alla réttu hlutina svo sem bankakerfið og frjálssar útvarpsstöðvar, eignarréttinn, hreint út sagt, óska eftir ofurgreindri fegurðardís sem er alltaf gröð og kát og getur komið mér til að gráta. Ef þú ert ekki þessi kona geturðu orðið það.

Kvöldstund með listamanni

(sem fékk ekki úthlutun)

Minni á að ég sleiki þíku fyrir 15.000 kr.

Innifalið er ljóð um þína eigin þíku, handskrifað á kort þannig að ljóðið verður persónulegt.

Af hverju ekki að gleðja ættingja, vini nú eða bara sjálfa þig með fallegri kvöldstund?

Hafðu samband, ég er undraradgjafi@hotmail.com.

EINLÆGNI ER LÍKA GRÍMA

Hugsunarleysiskenning a)

Ég sendi fjölskylduna til sólarlanda. Ég keypti miða á raðgreiðslum. Ég keypti mér þannig tíma, ég hélt ég væri að kaupa mér tíma til að hugsa málin. Ég viðurkenni að þetta voru mistök. Ekki bara vegna þess að nú hef ég minni ráð með að kaupa bækur heldur líka vegna þess að ein hugsun kallar á tvær í framhaldinu eða fleiri. Þannig ber tími sem varið er í hugsun neikvæða vexti, hann getur af sér frekari þörf til hugsunar, hann kallar á enn meiri tíma.

Ég ætlaði mér viku, mér fannst ég sjá einhverskonar áfangastað, millilendingu að vísu, en hálfnað líf þá hafid er. Vika, hugsaði ég, en strax, fyrsta daginn, varð mér ljóst að ég þyrfti að minnsta kosti tvær, bara til að fikra mig eftir þeim hugsanaþræði til enda sem ég greip fyrsta daginn. Eftir tvo daga sá ég ekki fram á að ljúka einni einustu hugsun, ekki einu sinni þeim aukahugsunum og sprotum sem uxu af hinum upphaflega stofni, sem var sjálfur viðkvæmur og lítill. Til þess þyrfti ég fleiri vikur, jafnvel mánuði, reyndar allt lífið. Nei annars, það myndi aldrei duga til.

Hei! Einskonar andlegt Zenon-lögmál. Það er aldrei hægt að hugsa hugsun til enda, vegna þess að fyrst þarf að fara hálfu leið. Og áður en hugurinn ber mann hálfu leið, þarf hann að fara helming hálfu leiðarinnar. Og svo framvegis. Maður getur ekki einu sinni byrjað að hugsa.

Kvöldganga með flugum

*og ég reyni
að venjast blóði
eins og flugurnar*

Að ganga um í grafarhúmi, það er að segja í rökkri svörtu, um kirkjugarð, er góð skemmtun og ljóðræn. Allskonar myndlíkingarlausnir raða sér upp í heilanum. Sko, þarna er flugvél á leið til landingar, hvítmálað vængjað álhylki sem klýfur lognið með einskonar hnífum sem snúast í loftinu. Í þessum garði er kyrrðin rofin reglulega.

Ellefu eða tólf hetjur um borð í flugvélum, lærisveinar grillkónsins í Austurlöndum. Nei fyrirgefið þeir voru víst drullusokkar eða hálfvitar eða höfðu orðið fyrir óheilnæmum áhrifum í æskulýðsstarfi. Þeir fylgdust ekki einu sinni með þegar flugfreyjurnar, ennþá blautar á þeim píkurnar eftir „fjör með flugmönnum“ liðna nótt, sýndu freistandi flóttaleiðir í björgunarbáta ef vélin skyldi lenda mjúklega á svanavatni. Vinsamlegast athugið að hnífapör, salt og pipar er að finna í sérmerktu hólfi bak við björgunarvestin, bara ef grípa þyrfti til mannáts.

Í dagsins önn



Afsakið hlé

Taktu bensín elskan söng Björk á sínum tíma. Settu á pásu sagði Jens við konuna sína, og átti við myndina *Gone with the Wind*, skömmu áður en hann sparkaði upp hurðinni á Select bensínstöðinni og miðaði haglabyssunni að trésmíðanemanum sem var að afgreiða þessa nótt, þessa síðustu vakt í bili. Ekki veit ég hvað Jens var að hugsa, en það sem situr í mér er þetta: settu á pásu.

Augljóslega leiðir þetta hugann að minimalísku þrástefi sem handritshöfundar þáttanna um Vini beittu svo snilldarlega, nefnilega þegar Ross segir, æpir, grætur we were on a break!

Skiljanleg heimsmynd, svarthvít og skýr

alltaf hægt að finna sér sérfræðing með doktorspróf sem er sammála

– en samt, hann neitar að hegða sér, hann heimur:

hryðjuverðbólga
kaupmáttarlyndi
fasteignaþrjóscuröskun

Þrátt fyrir öll námskeið þá skil ég ekkert, ég villist í textaþöku, blindast af fegurð sólarlagsins eða fegurð orða um sólarlagið eins og í ljóðum Stefáns Harðar Grímssonar.

ekki frekar en vísindamaður sem fær ritgerð birta í virtu tímariti gengur til hvílu með bros á vör og svífur inn í draumana en hrekkur upp um miðja nótt og finnur að það hefur kviknað á ótal spurningamerkjum sem lýsa veikt eins og tungl í hundadagsbirtu: efni í næstu styrkumsókn!

Haldið áfram kærur flóttamenn frá veruleikanum – eltið staðreyndirnar, sjáið þær fjölga sér og splundrast eins og spegill verði fyrir mannshöfði á fullri ferð.

Litlu klisjurnar

Nautakjöt og kartöflur. Hvítvín og bjór. Yndislegt veður af því það er ekki hvasst eða rigning, það eru rifsber á runnum, sólroðin ský eða kinnar.

Litlu klisjurnar.

einu sinni grét nýfæddur drengur
heila nótt
hann vantaði bara teskeið af vatni
- eina teskeið!

það gutlar í grillinu
eitthvað er að verða til
kannski lítil klisja.

Það er einskonar nautn að halda á fjögurra ára syni inn á heilsugæslustöð. Eitthvað líkamlegt, tilfinning: að vera til staðar, raunverulega, sem líkami. Verð að lítilli klisju, sem yljur okkur öllum.

Nú ertu enn einni sekúndu nær dauðanum.

Bein útsending / úthverfi

Parkett og flísar, gufubað og gasklefi

fullt af sniðugum lausnum, tómið er í hausnum.

pabbi grettir sig og bara hlær ekki

Þetta eru ljóð pabbi, ekki heróín

Ykkur dreymir ekki sveppalaga ský heldur
hrapandi vísitölur
lækkandi gengi
verðlausa mynt.

Stúlka í stofu sveiflar ljóðabók.

*Hvar ætlarðu að fá vinnu með höfuðið fullt af ljóðum, í
ljóðaverksmiðjunni?*

Gluggarnir varpa bláum geislum út, í kirkjugarðinum hlusta
skáld á lítil ferðaútvörp. Þegar ég hef talið upp að þremur
smelli ég fingrunum og þið vaknið úthvöld, þið þurfið ekki
að horfa á sjónvarpið og munuð aldrei frammar trúa orði sem
fellur á Alþingi.

Hreingerning

Landið er fagurt og frítt, en líka borgin, til dæmis þegar glitrar af frosnum hundaskít við kirkju.

En þið vitið hvað er gott að slaka á í góðum bústað með heitum potti og hillur fullar af heimsbókmenntum, og ekki verra að hafa tölvuna til taks, þegar andinn hvíslar einhverju að manni, kannski snilldar morðfléttu eða skandínavískri skammdegisvísu.

Með réttum hugbúnaði má breyta tölvu í öflugt tæki sem nota má við bréfaskriftir og skýrslugerð.

Golfkúlur fljúga um loftið þótt þær syngi ekki eins og fuglar. Ekki kann ég fugla skil og veit ekki hvað tindar í fjarska heita.

En það gerir ekkert til, batteriin hlaðast, einhver hellir upp á kaffi.

Best að taka Skólaljóðin með sér út í pott, lesa íslenskt undir beru íslensku lofti, hreinasta loft í heimi fyrir hreinustu ljóð í heimi, lesin í hreinasta vatni í heimi. Íslenskt rafmagn er hreinasta rafmagn í heimi, íslenskar sekúndur líka, tikk takk, þær hreinustu í heimi.

Draumfangarinn



Vonbrigðin í lífinu, 139. kafli.

Hafsjór af fróðleik
reynist flæmi
af grunnu rigningarvatni.

Vængjabytur ástarinnar
reynist mávager
undir áhrifum eiturlyfja.

Því fleiri sannleikskorn
um lífið og tilveruna
því tómarí hugsun.

Maður fæðist ekki hálfviti –
maður verður það.

Kæri Snorri

Hinn hvassi og knappi stíll, formfegurð og kjarnmikið innihald er okkur seinni tíma mönnum sannkallaður kyndill.

Stundum detta mér í hug snjallar líkingar, til dæmis þegar ég er að vaska upp, og þá verð ég að skrifa þær niður annars gleymi ég þeim. Um daginn datt mér til dæmis í hug að lýsa endabarmsopi ungrar konu sem stjörnu eins og á lögreglumerki. Þetta væri hægt að nota í sögu um geðsjúkan mann sem væri að taka konu aftanfrá, en fengi þá flugu í höfuðið að sjá merki lögreglunnar, stjörnu þar sem á stendur *MED LÖGUM SKAL LAND BYGGJA*. Hvert er verkefni skáldanna ef ekki að afhjúpa tabúin?

Ég elda matinn og ég kyssi konuna mína. Ég skipti um föt, fer í hvíta skyrtu og khaki-buxur. Opna flösku af Perrier-gosi, kveiki mér í smávindli og ímynda mér að ég sé rithöfundur í Kaliforníu eða Róm. Það er alveg ótrúlegt, en þetta virkar.

Ævintýri handa drengjum

himinninn auðvitað bjartur og blár en þarna koma þær, tækniævintýri fyrir drengi af öllum kynjum: tíu tuttugu, það eru að minnstakosti þrjátíu orrustuþotur hátt fyrir ofan okkur og ég neita því ekki að gnýrinn er skarpur einhvernveginn, mjög einbeittur hljómur, og vá: þær fljúga eftir handriti, þetta er dans, byggður á klassískum ballettstefjum.

nestið er dásamlegt, ferskt brauð með eggjum og kalt kókomalt, ég velti því fyrir mér hvort hægt sé að skrifa fallegan texta um herflugvélar og já mér hefur tekist það nokkrum sinnum en hver er tilgangurinn ef engin er ástarsagan, segjum til dæmis að einn flugmaðurinn sé pabbi minn, og við systkinin með mömmu sem færi á þessar flugsýningar að ósk hans, en aldrei laus við beyg: eitthvað sem okkur systkinin grunaði ekki fyrr en eftir lestur dagbókar eftir að *hún* dó.

en ekki hann, pabbi lifði: hann stjórnaði sveit orrustuflugvéla og hefði sjálfur losað nokkur þúsund tonn af sprengiefni á fólk í fjarlægum löndum, en ég meina það væri vinnan hans, að búa til háloftahakk.

Stóra samhengið

Ok - stóru málin:

lífið er bilun - erfitt að fixa
má reyna að syngja

Eitt þúsund orð sögð á mínútu á þessari dimmu jörð og þá
eru ótalin öskrin úr pyntingarklefum
fullnægingarstunur nýburagrátur bendingar bölv í hljóði

til hvers að bæta orðum í heimskjaftæðið

En kjaftæðið heldur þessu svo sem gangandi, ekki gera
lítið úr kjaftæði. Ekkert jafnast á við kjaftæði þegar
myrkrið skríður yfir mærin.

ég skora á þig að þýða Eyðilandið eftir Eliot með píkuna
hennar Britneyjar í background

kannski ekki stórmál þannig, en venjan er:
því fleiri sannleikskorn um lífið og tilveruna því
tómari hugsun

vinnutilgátur mínar um fólk hafa hingað til reynst rangar

syngja:

heimsendir er frábært viðskiptatækifæri
heimsendir er örlítið mildara loftslag

með tárlekandi augu við skulum öll syngja inn heimsendi

Aumingja við



**ÞÚ ERT EKKI ÞJÓÐHAGSLEGA
HAGKVÆMUR NÚNA KÆRI
LESANDI**

Kærleikurinn er aldrei ókeypis



Auglýst dagskrá

Kæfandi, uppskrúfaður og tyrfinn.

Fyrst varð þér hreinlega óglatt þegar þú last í þessari bók.
Öndunarvegurinn herptist saman í kúgunarviðbragði.

Nú veitir hún þér unað.

Það verður kannski bylting á morgun. Komið með kaffi á brúsum og verið vel lesin.

Ég bið að vanheilsa

Þreytt með göt á heilanum? Ekkert nema pítsur og paratabs? Hvað eruð þið að borga á klukkustund í ræktinni? Bannað að deila með 0!

Skellið ykkur bara í sund á stundinni og klípið í brjóstin á Björk í sturtunni eða í tillann á einhverjum frægum sem fer alltaf í sund af því það er svo frábært að sitja í heita pottinum í hundslappadrífu og hlusta á spekinga sem vildu að þeir væru Ingvi Hrafn í útvarpinu. Röflandi eitthvað endalaust röfl eins og notalegur niður í fjarlægum flugvélum sem flytja sprengiefni milli staða í endalausri fjarlægð.

Eftir sund er gott að koma heim í hreinlegt eldhús og eftir matinn er gott að sökkva sér í hægindastól og/eða stofna skæruliðasamtök sem mundu berjast gegn praktísku hugarfari, eigum við ekki að láta sprengjunum rigna yfir rotnandi hræ hlekkjæðra sálna?


Hliðin urga
vindurinn hvín.

Munum að lífið er ekki skiptimiði á leið til eilífðar, bara stutt röð af misskemmtilegum sekúndubrotum.

Peningar eru abstrakt hugtak

(Fyrirgefð, herra Steinarr.)

1. Tveir gulbrúnir fuglar fljúga yfir bláhvíta auðn.
2. Tvö örlítill titrandi blóm teygja rauðgul höfuð sín upp úr svartri mold.
3. Tvö fölleit, fátækleg börn leiðast út hrjóstruga strönd og hvísla í feiminni undrun út í flöktandi ljós: Vor, vor!
4. Nærmynd á andlit barnanna og svo feiðað og með hvítum stöfum á svörtum grunni:



Hér getur lesandi beitt eigin töfrum, eigin sköpunargáfu, ég vil að þið lítið á þetta sem skemmtilegt verkefni, ljúkið við ljóðið, þetta er samræmt próf, passið ykkur að gera ekki villu, hvað stendur eiginlega með hvítum stöfum á svörtum grunni?

Bróðir minn stríðsherra



* * *

**ÞÖKK FYRIR AÐ LESA EKKI MILLI
LÍNANNA**

* * *

Stjörnuleit

ætlaði að segja eitthvað um stjörnuleit
í augum, um geisla sem varpast
á nethimnur

ást sem rúmfræðilögmál

svo datt mér í hug að ástin væri frekar
sláturhús

það sparar blóð
að myndhverfa

skyndidepurð, óstöðvandi
flæði adrenalíns úr nýrnahettumerg

lýsing nákvæm eins og tölvustýrt sprengjuskeyti,
þungað hárbeyttum nálum til að stinga göt á húð

augu þín voru alltaf grunsamlega blá.

Tárin

Það er ljóst að spegillinn segir okkur ekki hvernig við lítum út að innan. Það þýðir heldur ekkert að leggja hausinn í bleyti, það hafa margir reynt og árangur verið heldur lakur. Oft vöknar okkur um augu og þá helst í sambandi við geðhrif eða fyrir tilfinningasveiflur. Okkur kann að geðjast misvel að tárur en sumu skolum við þó burt með þeim og það verður ekki gert með öðrum hætti. Þetta er gott því sumu er nauðsynlegt að gleyma.

Vegurinn

Hvert liggur vegurinn? Ekki er hægt um vik að svara þessu en þó virðast furðu margir luma á lausn. Þeir setjast í bílstjórásætin í vögnum sem eru fullir af okkur. Þótt við sjáum ekkert í þokunni handan glersins halda þeir ótrauðir áfram í háum gír. Það er eitthvað skrítið. Við vitum ekki hvað það er en víst er að oft vöknum við af óþægilegum draumi.


Sem gæti gefið einhverja vísbendingu.

Formleg mál og reiknanleiki

Mennirnir elska, missa, gráta og sakna samkvæmt einni kenningu, en dveljum ekki við það, aðstæður eru ekki allar þær sömu, það eru fjölmörg afbrigði, og stundum hjálpar að renna atburðum og orðum í gegnum hugann á mismunandi veginum. Við erum auðvitað að kanna svið hins mögulega en athugið að það þýðir ekkert að kvarta þegar út í alvöruna er komið og segja „það var ekkert farið í þessa túlkun á máli var það?“ eða „má maður nokkuð eiga von á að svona komi?“

Hér eru því tvær æfingar, en mögulegar útkomur óendanlega margar, og ætti hver og einn að hugleiða sína með það fyrir augum að komast að einhverju um sjálfan sig.

1.



(a) Fyrirgefðu mér!


(b) Fyrirgefðu mér?

(3) Segi ég í anddyrinu

(2) Segir þú í eldhúsinu

- (4) Segir þú í svefnherberginu
- (1) Segi ég í sófanum með tárin í augunum

2.



- (x) Sofðu hjá mér?
 - (y) Ertu skotin/n í mér?
-
- (1) Segi ég í röðinni
 - (2) Segir þú í röðinni
 - (3) Segir þú, með tárin í augunum

bíddu aðeins

ég elska þig

hendur þínar, gönguferð í rigningu

ég sagði, af hverju reynum við að skýla andlitunum fyrir
regndropunum

gras er grænna í rigningu

marginir deyja úr ástarsorg

vofur sem eigna um

þú kunnir að hlæja að bröndurum mínum.

enginn sér eftir þér eins fallega og ég

bíddu aðeins

ég elska þig.

Brestir

þurrka sæðið af brjóstum í koddaver
snerir koddanum við
hönd þín snerti glasið sem féll
og splundraðist

við létum brotin vera á gólfinu til morguns
fórum berfætt á klósettið en það kom ekki blóð
ekki þá

*

strjúka textastrengi
sötra hvítvín
skúra gólfíð

skúra gólfíð með sápu og tárur

*

drekka kaffi
Tom Waits
orðlaus ást
í finnskri kvikmynd

var snjór?

drekkum kaffi
leiðumst út í bíl

*

mundi ekki sjálfur
þú rifjaðir upp
löngu seinna

síðan hef ég munað

*

lyfti pils
sleiki á þér þíkuna
foreldrar í næsta herbergi
skrjáf í laufum
einhver gluggi var opinn
það var virkilega bjart

*

komi stingur
komi kveisa og blási
innyflin út af sjálfsvorkunn og reiði

*

hver sem er getur drukkið rauðvín
kveikt á kertum
og tónlist

hvað með
mánudagshlátur
í hundraðasta sinn?

*

hvítvín er framköllunarvökvi
það framkallast
ekkert nema tár

ég skúra gólfid með hvítvíni og tárur

hvítvín og tónlist já
á sænsku til dæmis

Det är den tyngsta sorg,
som jorden månde bära.
Att man skall mista bort
sin allra hjärtans kära.

nýjar fósturstellingar fyrir
ekkasogna

*

til að hreinsa ást úr blóði
dugar ekkert venjulegt klór

*

komi stingurinn
komi kveisa og blási
innyflin út af sjálfsvorkunn

*

ég skúraði parkett í síðasta sinn
með sápu og flóði af tárur.

Kældu þig

Jökullinn er sem skemmd tönn í blæðandi holdi,
í fönninni hljóðar gemsi drengs með brostið hjarta,
þú ert fögur en köld sem norðurljós í vetrarhörkum,
í maga ískrar hlátur, það bylur hæst í tómu mengi,
hverjum ertu að ríða, hvað ertu að lesa?
eilíft hljómar þessi kór.

Lítil sæt ljóð um tilfinningar.
Þetta er ekki svoleiðis, þetta er alvöru.

Alvöru þýðir ellefuhundruð ár af hnyttnum tilsvörum í
dauðastríði,
ellefu trilljón lítrar af brennivíni og
sex hundruð þúsund rangfeðranir

- öryggið á oddinn, forðumst rangfeðranir -

Einhver minntist á engjaslátt, hvort ekki ætti fljótlega að bera
fram mysu.

Tæknibrellur



* * *

**ekki gefast upp, þetta er
lokaspætturinn, bara fáeinar sekúndur**

* * *

Kraumar mænuvökvi

Sterkasti drykkur lifrar minnar
litla rauða lifrin mín

sko, ljóð, sígildar dægurlagaperlur, myndlist
fólk ætti að fíla þetta en bara gerir það ekki

til dæmis ljóð um mikilvægi vináttunnar ... um mikilfengleik
víðáttunnar
fökk sé þér vináttublær

ég er bara að reyna að segja ég elska þig
brjóta af orðunum frostið

fökk sé þér Satan alltaf eins og venjulega
sama sjónarhorn, ný lúðrasveit

nei, ég grínast. Spaugsamur náungi ég, kærleiksríkur
samt. Hvar ertu litla ég?

alltaf með sama Halla og Laxness brandara
og jarðarfarargæðveiki
í anda Einars Más Benidikter, algjör benedikter

ekki reyna að skilja þetta þú gætir tagnað á hægri heilahveli
farðu aftur að skipuleggja ævintýri á alfaraslóð, sennilega
með kertalog og rifflaða smokka

af hverju virða tilfinningar ekki umferðarreglur ég er að tala um verk sem á rætur sínar að rekja (eins og við segjum í bransanum) niður í maga – en teygir anga sína (aftur: eins og íþróttadeildin mundi orða það á opinberu faxi)

upp eftir vélindanu, meðfram kjálkabeinunum og eftir hnakka og beint upp í höfuð heila hné og tærir dropar eða fökk it saltir leka út jafnvel þótt ég VILJI ÞAÐ EKKI, en meira um það á eftir

Fyrirgefið mér ég ætla ekki að slá þessu upp í persónulegt kaffispjall meina ekkert með þessu, en

fökk ég hélt að það væri vont að láta draga úr mér jaxl en ÞETTA ER VERRA þið verðið bara að treysta mér kynlíf er eins og samskipti eiga að vera skiljiði, heidarleg og blátt áfram eins og texti

(he he þið hljótið að kunna lagið um hótél jörð ... Jack Nicholson leikur í því)

það sem mér finnst vanta fyrst og fremst eru fleiri fallegar fréttakonur á lausu með fágáðan smekk fyrir karlmönnum eins og mér en í öðru sæti, eða kannski fyrsta við nánari umhugsun, þá er mikilvægari: dauðinn og það hvort hann stingi, hvort ég ætti nokkuð að vera að hugsa meira um dauðann.

eins og þú hafir aldrei vaknað af værum blundi
með munninn fullan af brundi

nei afsakið, ég meina: þú brosir eins og maður sem trúir ekki
á ég elska þig, eins og þú hafir aldrei grátið heila nótt og
óskað þess að deyja.

gamli góði tillinn
getur verið trylltur þegar við á sko

en gott samt að losna við leið 5
eitthvað ass-to-mouth dæmi held ég

gamli góði Vilhjálmur J. Geldingarhnappur the third

svona eiga menn að vera, smekklega gráir en samt kunna á
sms, ekkert helvítis brjef og ritgerðir

nei nei ég er bara pirraður af því að ég hata fuglasöng í alvöru
ég hata fuglasöng, hann veldur mér bara andvöku mér leiðist
að vaka ég verð þá að runka mér á hálf tíma fresti til að deyja
ekki úr leiðindum eða fara enn og aftur að grenja yfir öllu því
sem rangt er í lífi mínu fyrirgefnið mér kærur lesendur þetta er
einum of meðvitað ljóð

í alvöru ég hata fuglasöng, hann veldur mér bara andvöku

í skugganum í Reykjavík eru alltaf bara 10 stig sama hvað
veðurstofan rífur kjaft

haldið ykkur skuggamegin svo þið fáið ekki krabbamein á
yfirborðsmenskuna, eins konar einkennissjúkdóm

hei! þið fáið viku til að skjóta allt sem hreyfist heila viku til að skjóta niður hvern vott af vitund þíns sjálfs

það er í alþjóðalögum, sáttmálum og samningum þið hafið viku til að útrýma gyðingum eða eru það arabar af einhverju tagi allavega utan lands eins og Laxness hefði kallað þá

strákarnir okkar og stelpur komnar heim af diskótekinu ónauðguð að meira eða minna leyti, bara smá norðmannagrín og snúið upp á geirvörtu

ekkert grín að hafa geirvörtur þegar heitt er og kalt til skiptis og von á flugskeytum inn um eldhúsgluggann

jæja niðurlag, niðurstaða, við þurfum einhvern veginn að skera á púlsinn varla að það sé taktur í þessu en samt það gutlast

hann er eiginlega alveg ágætis manneskja þótt ljóðin hans séu auðvitað alveg fökk sjitt léleg

reynslan hefur kennt mér það að fólk er oft alveg ágætis manneskjur, jafnvel þótt ljóðin þeirra séu alveg fökk sjitt léleg jafnvel fötin ljót og ömurlegur tónlistarsmekkur og aldrei mundi ég sofa hjá svona dóti, ágætis fólk samt fin stelpa jú ég mundi alveg sofa hjá henni

af hverju er ég svona hræddur við að vera viðkvæmur ég lýg að sálfræðingum að ég skilji ekkert í því hvað ég finni lítið til þegar hið gagnstæða gæti vel komið til greina

ástin er vígvöllur, það er rétta orðið

hvað er dauðinn svosem nema
fyrst og fremst veisla fyrir bakteríur

hengjum oss í kvöld
iðrumst að morgni

af hverju dýrkarðu þjáninguna af hverju
skrifarðu sársaukann af hverju færðu þér ekki
ekta sjávarsalt til að nudda í augun og endaparminn
og þú veist hvar

eða hvernig væri að „loka augunum“ og skella
sér á léttlyndislyf, hef annars heyrt að þau lækni ekki raunsæi

komi fökking stingurinn fagnandi, komi kveisa og blási
innyflin út af sjálfsvorkunn og reiði ég elska reiðina

þetta er ekki mjög konkret en hvað er annars konkret nema
gullfallegar graðar lesbíur í sjónvarpinu það er sko það sem er
hvað mest konkret í mínu lífi annað er bara pfff

ég neita að piffffffff
í útlöndum, púðurtunnukjafæði, mið austurlönd borgarastríð
ögranir rétt til að verjast með fjöldamorði

það er ekki rétt

*Úti kveikir ráðherra í vindli
verum glöð þótt olúfælögin svindli*

ég hvet alla til að sniðganga ísraelsk krydd og krota á vegg og ekki síst að senda allt úran sem þið finnið beint til Íran, held að það vanti eitthvert jafnvægi þarna

annars ókei ljóð mega vera um hvað sem er líka drasl sem maður trúir ekki á ég las það á netinu

mannskjur eru bara kolefnissambönd ekki stórvægileg í heiminum þannig séð

hver vill fjármagna næsta taugaævintýri skáldsins?

uppáhalds orðið **MITT** er **FÖKK**

viðskiptalífið sé hið sanna alvöru líf ekkert nema orf og ljár eða saltfiskur list og ljóð – skreyting og hægðarauki

“But the poems I respond to wholeheartedly, I think, are the ones that seem wholly beautiful & true.”

Það verður hóprunk í kvöld...

Í Vatnaskógi og Vindáshlíð...

Það verður hóprunk í kvöld...

Í Vatnaskógi og Vindáshlíð...

Lyf lækna ekki raunsæi

hikandi, hugsandi meðfram ánni, hugleiði ávala steina það er tært bergvatnið, en ég vil texta eins og rigningu, ekki straumfljót af neinu tagi, ekki einu sinni læk, bara litlar perlur, úða sem perlast á hörundinu

sekúnda

sekúnda

og aldrei þær koma til baka

Það er stöngin inn,
það er sláin út

Það er langt framhjá
kannski sjálfsmark.

Það skiptir annars engu máli,
ég verð að fara að steikja slátrið
sem komið er á síðasta sölundag.

Póstkort frá Paradís

Kæri Ingó.

Fann tilgang lífsins. Ég held að þú hafir ekki rétt fyrir þér um einlægnina. Einlægni er ekki gríma. Og kærleikur ER til.

En ég ætla ekki að þrasa, fékk nóg af því um árið... Jája ég er farinn aftur niður að strönd, það er nóg af köldum bjór í ísskápnum. Sól og sjór, langar nætur, líf og fjör. Er eiginlega alveg hætt að fá höfuðverk. Pablo segir að það sé rakastigið og ólíurnar. Segi þér betur frá þessu seinna.

Þín vinkona

Kenning mín um bækur

að þær séu runkhæfar
grátbólguvaldandi
kviðarholsverkjandi
lífsumbreytandi
tortímandi & uppbyggilegar
taktlausar & drynjandi
þetta er bara kenning
takið henni skrækjandi
opnið gáttirnar
opnið buddurnar


kaupið mig

Algildur mælikvarði



Að lokum aðstoða ég lesendur sem vilja segja eitthvað gáfulegt um þessa bók. Gefðu henni trilljón stjörnur, kauptu þrjár til að eiga handa væntanlegum hjásvæfum, jújú kommon lengi lifir í gömlum þíkum og þíka er púðurtunna

Meginþættir og þemu bókarinnar:



Þú hélst að bókin væri búin en svo...

Náði þér! Þú bjóst ekki við að vera ávörpuð svona beint, svokölluð ljóðamanneskja.

Þetta er búíð að vera eitt heljarinnar taugaævintýr. Farðu að horfa á einn Friendsþátt til að róa þig niður, það er ekkert eins slakandi og deyfandi. Svipað og að sprauta sig með heróíni segja mér fróðari menn. Mér fróðari menn: **kjaftæði**. Ég á það til að gera mér upp hógværd og lítillæti. Það eru engir mér fróðari, það er að segja svo ég viti. Ég ætla að láta renna í það og það ættir þú líka að gera lesandi góður, þú ert enn einni sekúndu nær dauðanum, vá tíminn líður!

Athugasemdir

Textastrengir

Orðin „Markmiðið er að vera ögrandi og nokkuð róttækur, hæfilega grófur en umfram allt svalur“ eru fengin að láni úr ritdómi eftir Úlfhildi Dagsdóttur.

Á íslensku má alltaf finna málpólitík

„Svali íslenskrar tungu“ er hugtak sem er að finna í ljóðabókinni *Dagbók um veginn* eftir Indriða G. Þorsteinsson

Kvöldganga með flugum

Matthías Jóhannessen gaf út bókina *Kvöldganga með fuglum*, sem ég hef ekki lesið.

Peningar eru abstrakt hugtak

Orðin eru fengin úr ljóðinu *Vor* eftir Stein Steinarr.

Brestir

Sænska erindið er úr vísunni *O tysta ensamhet* eftir Olof Von Dalin.

Kraumar mænuvökvi

“But the poems I respond to wholeheartedly, I think, are the ones that seem wholly beautiful & true.” fannst í athugasemdakerfi vefsíðunnar <http://hgeessrev.blogspot.com/>.